



Tyllidagar

Explicações sobre as celebrações islandesas

Enska - English

Polska - Polski

Spænska - Español

Filippseyska - Filipino

Arabiska - عَرَبِيٌّ

Rússneska - Русский

Kúrdíska - کوردی

Litháiska - Lietuviškai

Albanska - Shqip

Víetnamska - Tiếng Việt

Tælenska - گاراڻوي

Farsi - فارسی

Portúgalska - português

þorrablót

Þorrablót var hátíð á öldum áður þegar íslendingar blótuðu Þór sem var guð í norrænni ásatru. Nú til dags fagna íslendingar þorrablóti á saman tíma til að fagna þorramánuði sem áður var á dagatali íslendinga. Í gamla daga var árinu skipt í tvær árstíðir, sumar og vetur. Þorri var fjórði mánuður vetrar og var frá 19.-25. janúar til 18.-24. febrúar. Fyrsti dagur borra var bónadagur. Íslendingur halda þorrann hátíðlegan með því að borða hefðbundinn vetrarmat sem var það eina sem var í boði yfir vetrartímann. Maturinn var yfirleitt fiskur og kjöt sem var geymt í salti og sýru. Í dag fagna íslendingar þorranum með mikilli skemmtun þar sem sungið er og dansað og snæddur matur sem mörgum finnst ógeðfellur. Þar má nefna blóðmör og lifrapylsu sem saman er kallað slátur, sviðnir kindahausar (svið), kæsturhákarl og súrir hrútspungar. Annar eðlilegri matur er rúgbrauð sem áður var bakað við jarðhita, skyr, hangikjöt og harðfiskur með smjöri.

Þorrablót (Sacrificio de Þór) era um festival nos séculos passados, quando os islandeses sacrificaram Þór, que era um deus no ateísmo nórdico. Hoje, os islandeses comemoram o þorrablót ao mesmo tempo que comemora o mês de Þór que fazia, antigamente, parte do calendário islandês. Antigamente, o ano era dividido em duas estações, verão e inverno. Þorri era o quarto mês de inverno e durava desde 19 - 25. Janeiro a 18-24. Fevereiro. O primeiro dia do Þór era o dia dos fazendeiros. O islandês comemora o Þór com muita diversão, cantando, dançando e comendo alimentos que muitos consideram desagradáveis. Inclui, entre outras coisas, linguiça de sangue e linguiça de fígado, que são coletivamente chamadas de Slátur (abate), cabeças de ovelha queimadas (Svið), tubarão podre e testículos de carneiro azedos. Outro alimento natural é o pão de centeio (que antes era cozido com energia geotérmica), skyr, perna de cabrito fumada e peixe seco com manteiga.

Bóndadagur

Fyrsti dagur mánaðarins þorra í gamla norræna tímatalinu er nefndur bóndadagur. Hann er alltaf á föstudagi í 13. viku vetrar. Sú hefð hefur skapast er að konur gefi bónða sínum blóm eða smágjöf á þessum degi.

O primeiro dia do mês de Pór no antigo calendário nórdico é chamado de Dia dos Fazendeiro. É sempre na sexta-feira da 13^a semana de inverno. Tornou-se tradição as mulheres darem flores ou um pequeno presente aos seus maridos nesse dia.

Konudagur

Konudagur er fyrsti dagur mánaðarins góu í gamla norræna tímatalinu sem er sunnudagurinn í 18. viku vetrar á milli 18. – 24. febrúar. Sú hefð er að menn gefi konum blóm í tilefni konudagsins.



O Dia da Mulher é o primeiro dia do mês Góa no antigo calendário nórdico, que é o domingo da 18^a semana de inverno entre 18 e 24 de fevereiro. É tradição os homens ofereceram flores às mulheres neste dia.

Bolludagur

Á Íslandi hefur tíðkast að borða bollar sem eru annað hvort vatnsdeigsbollar eða gerbollar fylltar með allskyns rjóma og sultu.

Rík hefð var fyrir því að föndraðir voru bolluvendir, oftast úr litríkum pappírsræmum sem límdar eru á prik. Börn flengdu svo foreldra sína með vendinum og hrópuðu; Bolla! Bolla! Bolla!

Na Islândia, costuma-se comer pãezinhos de massa de água ou pãezinhos de fermento recheados com todos os tipos de creme e compotas. Havia uma rica tradição de fazer o que se chamava uma varinha das bolas, geralmente com tiras de papel coloridas coladas em varetas. As crianças então batiam nos pais com a varinha e gritavam; Bola! Bola! Bola!



Sprengidagur

Á þessum degi
tíðkast á flestum
heimilum á Íslandi að
eldar réttinn
„Saltkjöt og baunir“.

Neste dia, é habitual
na maioria das casas
da Islândia cozinar
o prato "Carne
salgada com
feijões".



Öskudagur

Á þessum degi er hefð fyrir því að börn klæði sig í grímubúning og syngi fyrir fólk og fái að launum sælgæti. Að hengja öskupoka á fólk tíðkast á Íslandi og var lykilatriðið að koma pokunum fyrir svo að fórnarlambið tæki ekki eftir því.



Neste dia, é tradição as crianças mascararem-se, cantarem para as pessoas e receberem doces em troca. É tradição islandesa pendurar pequenos sacos com cinzas nas pessoas e o mais importante era colocar os sacos de forma a que a vítima não reparasse.



Páskar

Páskahátíðin tengist kristinni trú. Síðasti sunnudagur fyrir páskar nefnist pálmasunnudagur. Fimmtudagur fyrir páskar heitir skírdagur og daginn eftir er föstudagurinn langi en þá er frídagur. Páskadagur er sunnudagur og þá borða börn súkkulaði sem kallast páskaeegg.

A Páscoa está associada à fé cristã. O último domingo antes da Páscoa é chamado de Domingo de Ramos. A quinta-feira antes da Páscoa é chamada de Dia do Batismo (Quinta-feira Santa) e o dia seguinte é a sexta-feira longa (Sexta-feira Santa) e é feriado. A Páscoa é um domingo e as crianças comem chocolates chamado ovos de Páscoa.



Sumardagurinn fyrsti

Sumardagurinn fyrsti er fyrsti dagur hörpu, sem er fyrstur af sex sumarmánuðum í gamla norræna tímatalinu. Sumardaginn fyrsta ber alltaf upp á fimmtudag á tímabilinu 19. – 25. apríl.

Samkvæmt íslenskri þjóðtrú boðar það gott summar ef summar og vetur frjósa saman. Á undanförnum árum hefur færst í vöxt að bæjarfélög haldi ýmiss konar hátíðir fyrir börn og fjölskyldur þeirra á þessum degi.


O primeiro dia de verão é o primeiro dia da Harpa, que é o primeiro dos seis meses de verão no antigo calendário nórdico. O primeiro dia de verão cai sempre a uma quinta-feira no período entre 19 a 25 de abril. De acordo com o folclore islandês, é presságio de um bom verão se o verão e o inverno congelarem juntos. Nos últimos anos, tem se tornado cada vez mais comum os municípios organizarem festivais para as crianças e suas famílias neste dia.



Sjómannadagurinn



Sjómannadagurinn er fyrsti sunnudagurinn í júní ár hvert. Hann er hátíðisdagur allra sjómanna. Flest bæjarfélög halda upp á þennan dag með einhvers konar skemmtidagskrá við höfnina.



O Dia dos Pescadores é o primeiro domingo de Junho de cada ano. É um feriado para todos os pescadores. A maioria dos municípios comemora este dia com algum tipo de programa de entretenimento no porto.

17. júní

Íslenski þjóðarhátíðardagurinn er haldinn hátíðlegur 17. júní ár hvert. Það er fæðingardagur Jóns Sigurðssonar og almennur frídagur. Á 17. júní er fjölbreytt hátíðardagskrá til að minnast lýðveldi Íslands þann 17. júní 1944.

O Dia Nacional da Islândia é comemorado a 17 de Junho de cada ano. É o aniversário de Jón Sigurðsson e é feriado nacional. No dia 17 de Junho existe um programa de celebrações variado para comemorar a fundação da República da Islândia a 17 de Junho de 1944.

Verslunarmannahelgi

Frídagur verslunarmanna er fyrsti mánudagur í ágústmánuði. Hann myndar þriggja daga helgi sem kölluð er verslunarmannahelgi. Frídagur verslunarmanna var upphaflega bara fyrir verslunarmenn en þessi þriggja daga helgi varð mjög vinsæl sem almenn ferðahelgi og mánudagurinn er nú lögboðinn frídagur. Helgin er ein mesta ferðahelgi ársins og fjölbreyttar útihátíðir eru haldnar víða um landið.


O feriado dos comerciantes é a primeira segunda-feira de Agosto. É um fim de semana de três dias chamado fim de semana dos comerciantes. O feriado dos comerciantes era originalmente apenas para os lojistas, mas este fim de semana de três dias tornou-se muito popular como um fim de semana de viagem em geral e a segunda-feira é agora é um feriado nacional. Este fim de semana é um dos maiores fins de semana de viagens do ano e são realizados por todo o país vários festivais ao ar livre.



Þorláksmessa

Þorláksmessa er þann 23.desember. Hún er kennd við Þorlák hinn helga Þorláksson biskup í Skálholti en hann lést þennan dag. Í dag er Þorláksmessa hluti af jólaundirbúningnum og þá borða margir kæsta skötu og lyktin af þorláksmessuskötunni finnst um allan bæ.

A Þorláksmessa (missa de Þorlákur) é no dia 23 de dezembro. Ela recebeu o nome de Þorlák, o bispo sagrado Þorláksson de Skálholt, que faleceu naquele dia. Hoje a missa de Þorlákur faz parte dos preparativos de Natal e nesse dia muita gente come skata (raia podrida) e o cheiro da raia podre da Þorláksmessa pode se sentir por toda a cidade.



Jól

Jól eru haldin hátíðleg þann 24. desember. Jólin eru hringd inn klukkan sex á aðfangadagskvöld. Jólamatinn er oftast kjötmeti s.s. rjúpa, hangikjöt eða hamborgarahryggur ásamt meðlæti. Flestir verja aðfangadagskvöldi með fjölskyldunni og opna gjafir eftir jólamatinn. Jólaskreytingar eru áberandi á Íslandi og jólaljósin lýsa upp dimmasta skammdegið.



O Natal é comemorado no dia 24 de dezembro. O Natal é anunciado às seis horas da véspera de Natal. A comida de Natal é geralmente carne, por exemplo lombo de porco, carne de cordeiro fumada (hangikjöt) ou costela de porco fumada e acompanhamentos. A maioria das pessoas passa a véspera de Natal com suas famílias e abre os presentes após o jantar de Natal. As decorações de Natal são proeminentes na Islândia e as luzes de Natal iluminam o dia mais escuro e curto do ano.



Gamlárskvöld

Gamlársdagur er síðasti dagur almanaksársins 31. desember, í vestrænni menningu. Margir minnast liðins árs á gamlárskvöld og fagna hinu nýja ári með veisluhöldum og með því að skjóta upp flugeldum. Ymsar hefðir eru í kringum hátíðarhöld og víða eru áramótabrennur.

A véspera de ano novo é o último dia do ano civil, 31 de dezembro, na cultura ocidental. Muitas pessoas relembram na véspera de Ano Novo o ano que passou e celebram o novo ano com festas e fogos de artifício. Existem várias tradições em redor destas celebrações e fazem-se fogueiras de Ano Novo por toda a parte.

Þrettándinn

Lokadagur jóla er 6. janúar. Þá fer síðasti jólasveinninn aftur til fjalla og þar með lýkur jolunum. Á þrettándanum eru oft haldnar útiskemmtanir með brennu, dans og söng. Þar koma stundum fram álfar, tröll og jólasveinar. Fólk kemur saman við brennuna með kyndla, skýtur upp síðustu flugeldunum frá áramótum og syngur saman áramóta- og álfasöngva.

O último dia de Natal é 6 de janeiro. Neste dia o último Pai Natal volta para as montanhas e com isso acaba o Natal. No treze, o entretenimento ao ar livre é frequentemente realizado com fogueiras, danças e canto. Às vezes, há fadas, trolls e Pais Natais. As pessoas reúnem-se à volta da fogueira com uma tocha, atiram os últimos fogos de artifício do Ano Novo e cantam juntos canções de Ano Novo e dos elfos.





Menntastefna
Reykjavíkurborgar

